



## Móttaka nýrra nemenda

### Nýir Tjarnskælingar

Í umsóknarferli í skólanum koma allir umsækjendur í heimsókn í skólann áður en þeir sækja um. Skólastjóri kynnir skólastarfið fyrir viðkomandi og sýnir skólahúsnæðið. Eftir umsóknarferlið og ef nemandinn fær skólavist þá er hann undirbúinn fyrir fyrstu skrefin. Við skólasetningu leggur skólastjóri ávallt áherslu á að eldri nemendur taki sérstaklega vel á móti þeim sem eru að stíga sín fyrstu skref. Skólastjóri og umsjónarkennari ræða við hvern bekk fyrsta skóladaginn og fá eldri nemendur til þess að hafa nýja nemendur sem sessunauta og vera þeim innan handar meðan þeir kynnast „Tjarnarskólataktinum“. Umræður um hlýlegt viðmót og tillitsemi fara fram strax fyrsta daginn í skólanum. Umsjónarkennari nýrra nemenda ræðir síðan við þá fyrstu dagana og hugar að líðan og svarar spurningum sem vakna.



### Móttökuáætlun fyrir nemendur með sérþarfir

Ef nemandi með sérþarfir sækir um skólavist leggja starfsmenn sig fram um að afla upplýsinga um í hverju sérþarfir hans felast og mæta þeim eins og kostur er. Að öllu jöfnu er framgangur eftirfarandi:

Í umsókn um skólavist eru foreldrar beðnir að veita upplýsingar um hvort nemandi er með einhverjar greiningu og/eða sérþarfir og í hverju þær felast.

Áður en nemandi hefur nám við skólann er að öllu jöfnu haldinn fundur með foreldrum og ráðgjöfum /sérfræðingum/skólahjúkrunarfræðingi/fulltrúum frá Þjónustumiðstöð/Greiningarstöð ríkisins, Barnavernd eða öðrum, eftir því hverjar sérþarfir eru. Ef ekki er unnt að hafa fund áður en nemandi sest á skólabekk í Tjarnarskóla, er fundur haldinn eins fljótt og kostur er. Óskað er eftir tiltækum gögnum um nemandann og farið vel yfir hvernig best er að taka á móti nemandanum með hans þarfir í huga og nemendahópnum sem hann kemur til með að vera í. Einnig er hugað að því hvaða upplýsingar er heppilegt að veita bekkjarfélögum/skólafélögum, allt eftir því hver staðan er. Í flestum

tilvikum fellur sú upplýsingagjöf í hendur skólastjóra/umsjónarkennara/skólahjúkrunarfræðings. Sú upplýsingagjöf er einungis veitt í samráði við foreldra.

Þegar þörf er á er komið á reglulegum **teymisfundum**. Stoðkennari, umsjónarkennari og skólastjóri vinna náið saman um fundarboð, gagnaöflun og samvinnu við kennarahópinn um dagleg úrræði fyrir nemandann. Stuðningskennari veitir einnig daglegar/vikulegar upplýsingar til foreldra, allt eftir því hvers eðlis sérþarfir nemandans eru. Í lok hverrar annar fer kennarahópurinn saman yfir stöðu nemandans og leggur línurnar fyrir næstu önn. Aðkoma foreldra er ávallt til staðar.

### **Einstaklingsáætlanir fyrir þá sem þarfnast sérstaks stuðnings**

Stoðkennarinn við skólann vinnur einstaklingsáætlanir fyrir nemendur sem þess þurfa í samvinnu við greinakennara, foreldra, nemandann sjálfan og aðra þá sem koma að málefnum viðkomandi nemanda, s.s. sérfræðinga eða fulltrúa í teymisvinnu í tengslum við velferð viðkomandi nemanda ásamt greiningaraðilum þegar svo ber við. Í þessari vinnu erum við mjög sveigjanleg og sífellt tilbúin að leita nýrra leiða.

Lesið má nánar á **Stoðþjónusta – heildaráætlun (2019-2020)** á hlekknum:

<http://sm.tjarnarskoli.is/skrar/starfsaaetlun-2018-2019/stojnusta-heildaraetlun-tjarnarskla-2019-2020.pdf>



